



S U M M A

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík, 13. des. 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, nr. 80/2020 (samfélagsvegir).

Summa rekstrarfélag hf. (Summa) hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabankans sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Einn sjóða í rekstri Summu er Innviðir fjárfestinga II slhf. (Innviðir II) Summa rekur einnig fyrirrennara þess sjóðs, Innviða fjárfestinga slhf. en fjárfestingatímabili þess sjóðs er lokið.

Innviðir II er í eigu íslenskra lífeyrissjóða og er sjóðnum heimilt að fjárfesta í innviðum á Íslandi skv. fjárfestingastefnu. Þar má telja:

- Veitustarfsemi, t.d. hitaveitur, dreifing á köldu vatni, raforkuflutningar og fráveitur
- Grænni orkuframleiðsla, hvort sem er hefðbundin rafmagnsframleiðsla með vatns-, jarðvarma- eða vindorkuverum.
- Fjarskiptainnviðum, bæði virki og óvirkir og tengdri starfsemi s.s. gagnverum
- Samgöngumannvirkjum, s.s. vegum, höfnum, bílastæðum og innviðum tengdum flugstarfsemi.

Summa, fyrir hönd Innviða II, hefur kynnt sér frumvarp um samfélagsvegi og greinargerð með frumvarpinu. Samanber upptalninguna að ofan þá fellur fjárfesting í verkefnum sem frumvarpið lýtur að vel að fjárfestingastefnu Innviða II.

Öflugir innviðir styðja við atvinnulíf og auka samkeppnishæfni sveitarfélaga ásamt því að bæta lífsgæði íbúa, auka öryggi á vegum og minnka slit og skemmdir á farartækjum. Þá myndu skapast ýmis tækifæri, t.d. með betra aðgengi ferðamanna að ýmsum náttúruperlum.

Á grunni frumvarpsins væri hægt að flýta fyrir ýmsum arðbærum verkefnum á samgönguáætlun í samvinnu við þau sveitarfélög sem sæju sér hag í slíku. Summa hefur þegar góða reynslu af samstarfi við sveitarfélög í kringum veitustarfsemi.


Íbúar sveitarfélaganna myndu greiða fyrir notkun en aukinn fjöldi ferðamanna með bættum vegum myndi taka þátt í að greiða fyrir samfélagsvegina. Þannig má ætla að fé á samgönguáætlun nýtist betur en ella.



SUMMA


Með frumvarpinu er leitast við að skila þeim ávinningi sem felst í betri samgöngum fyrr en ella fyrir sveitarfélög vítt um land. Summa, fyrir hönd Innviða II, styður frumvarpið og telur að með því verði hægt að nýta fjármagn, t.d. frá íslenskum lífeyrissjóðum, til að styðja við markmið stjórnvalda um að efla byggðir landsins.

F.h. Summu rekstrarfélags hf.



Sigurgeir Tryggvason
Framkvæmdastjóri
sigurgeir@summa.is – s. 842 1554

F.h. Innviða fjárfestinga II slhf..



Ómar Örn Tryggvason
framkvæmdastjóri
omar@summa.is – s. 842 1553